

Málveldi ehf.
b.t. framkvæmdarstjóra
Baugakór 17
202 Kópavogi

Tegund skoðunar: Takmörkuð úttekt 28.8.2018

Staðsetning skoðunar: Faxabraut 32

Deild:

Eftirlitsmaður: [REDACTED]

Þátttakendur í eftirlitsheimsókn:

Upplýsingar tengdar heimsókn:

Takmörkuð úttekt vegna vinnu á þaki hússins Faxabraut 32 í Reykjanesbæ.

Í þessari eftirlitsskýrslu er gerð grein fyrir því sem krefst úrbóta af hálfu fyrirtækisins og gefin tímasett fyrirmæli um hvenær úrbótum skuli lokið.

Áður en tímafrestrir renna út skal fyrirtækið senda tilkynningu um úrbætur og útfærslu þeirra, með myndum ef við á, til Vinnueftirlitsins á netfangið [REDACTED]

Ef tilkynning um úrbætur berst Vinnueftirlitinu ekki innan tilgreinds tímafrests þá getur komið til stöðvunar vinnu eða lokunar á þeim hluta starfseminar er fyrirmæli beinast að, sbr. 84. gr., og/eða álagningar dagsekta, sbr. 87. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, með síðari breytingum.

Taka skal með í áhættumat fyrirtækisins og áætlun um forvarnir þau atriði sem athugasemdir eru gerðar við í þessari skýrslu. Þó geta verið önnur atriði sem þarfnast úrbóta í fyrirtækinu og komu ekki fram í heimsókn Vinnueftirlitsins. Ef svo háttar skal einnig gera þeim skil í áhættumati fyrirtækisins.

Kynning

Farið skal yfir efni þessarar skýrslu með fulltrúum starfsmanna.

Athugasemd 1 - Öryggi

Lýsing & mat á aðstæðum:

Verið var að vinna að þvotti á þaki hússins Faxabraut 32. í Reykjanesbæ, sem er tveggja hæða íbúðarhús með risi. Engar ráðstafanir voru gerðar til að koma í veg fyrir fall af þakinu.

Fyrirmæli

Öll vinnu á þaki hússins Faxabraut 32 í Reykjanesbæ er bönnuð þar til öryggi starfsmanna hefur verið tryggt með fullnægjandi fallvörnum. Óheimilt er að hefja vinnu á ný á þaki hússins nema að fengnu samþykki Vinnueftirlitsins

Lög & reglur:

547/1996: Reglur um aðbúnað, hollustuhætti og öryggisráðstafanir á byggingarvinnustöðum og við aðra tímabundna mannvirkjagerð. Breytingarreglur nr. 504/1999

046/1980: Lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum

Leiðbeiningar:

Í reglugerð nr. 541/1996 REGLUR

um aðbúnað, hollustuhætti og öryggisráðstafanir á byggingarvinnustöðum og við aðra tímabundna mannvirkjagerð. segir svo:

31. Vinna á þökum.

31.1. Ef framkvæma skal vinnu á þaki, sem vegna halla þaksins, áferðar þakflatarins eða vegna veðurskilyrða getur orsakað það, að starfsmenn falli niður, má ekki hefja vinnuna fyrr en nauðsynlegar öryggisráðstafanir hafa verið gerðar, svo ekki sé hætt á, að menn eða efni falli niður. Nauðsynlegt getur verið að reisa verkpalla við slíka vinnu til að fyrirbyggja hættu eða setja upp annan

Ennfremur segir svo í lögum nr 046/1980

85. gr.

Telji Vinnueftirlitið að veruleg hættu sé á ferðum fyrir líf eða heilbrigði starfsmanna eða annarra, getur það krafist þess, að strax sé bætt úr skorti á nægjanlegu öryggi, eða látið hættu vinnu í þeim hluta starfseminnar, sem þannig er á sig kominn. Áfrýjun á ákvörðunum samkvæmt 84. gr. og 85. gr. frestar ekki stöðvun vinnu eða lokun starfsemi eða hluta hennar.

Áður en tímafrestrir renna út skal fyrirtækið senda tilkynningu um úrbætur og útfærslu þeirra, með myndum ef við á, til Vinnueftirlitsins á netfangið [REDACTED]

26.08.2018 [REDACTED]
Dagsetning og undirskrift eftirlitsmanns


Andmælaréttur

Samkvæmt 13. gr. stjórnáráðslulaga nr. 37/1993 er meginreglan sú að aðili máls á rétt á að tjá sig um nefni máls áður en stjórnvald tekur ákvörðun í því enda liggja ekki fyrir í gögnum málsins afstaða hans og rök fyrir henni eða slíkt sé augljóslega óþarft. Ef andmæli eru við efni skýrslunnar þurfa þau að berast Vinnueftirliti innan 14 daga frá dagsetningu hennar. Berist engin andmæli innan frestsins mun skýrslan standa sem lokaákvörðun.

Frestur til andmæla á ekki við ef vinna er hönnuð, starfsemi stöðvuð eða gefin eru fyrir mæli um tafarlaugar úrbætur skv. 84. gr. og 85. gr. laga nr. 46/1980 og taka slíkar ákvarðanir gildi strax.

Áfrýjun úrskurða

Samkvæmt 98. gr. laga nr. 46/1980 um aðhúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum er heimilt að kæra ákvarðanir Vinnueftirlitsins til Velferðarráðuneytisins innan þriggja mánaða frá því að aðila var tilkynnt um ákvörðunina.

Samkvæmt 2. mgr. 85. gr. laga nr. 46/1980 frestar kæra á ákvörðunum Vinnueftirlitsins samkvæmt 84. gr. og 85. gr. laganna ekki stöðvun vinnu eða lokun starfsemi.

